



Bókun

Málnr.: **23-079-S-037**

Dags: **24. nóvember 2023**

Staður: **Dhornbanki**

Lýsing: **Skipverji klemmist**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Nr: 23-079-S-037 Drangey SK 2 Skipverji klemmist

Skipaskrár. nr. 2893
IMO 9758222
Útgerð: FISK-Seafood ehf.
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Stærð: 2081 BT
Mesta lengd: 62,55 m Skráð lengd: 58,47 m
Breidd: 13,52 m Dýpt: 8,20 m
Vél: YANMAR 1620 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Gögn: Atvik
RNSA
Lögreglan á Ísafirði

Samantekt:

Þann 24. nóvember 2023 var Drangey að veiðum á Dhornbanka. Hönd skipverja klemmdist þegar verið var að opna pokann á trollinu.

Veður: logn og ládaður sjór.

Atvikalýsing:

- Klukkan 23:15 var búið að taka trollið og verið var að opna pokann. Pokinn var útbúinn svokölluðum rennilás sem er spotti fléttadur í gegn um upptökurnar á enda pokans. Var endinn á spottanum settur fastur út í síðu og var lásinn síðan opnaður með því að hífa í spottann með gilsaspili.
- Skipverjinn hafði sett spottann fastan út í síðu og hélt í enda hans.
- Þegar híft var í gilsinn klemmdist hönd skipverjans milli spottans og króks (pokans og síðunnar). Slasaði sagði að híft hefði verið of mikið og ógætilega þannig að pokinn tókst á loft og belgurinn varð strekktur í tromluna.
- Gert var að sárum hins slasaða og haft samband við lækni á Ísafirði. Í kjölfarið var ákveðið að sigla með hinn slasaða þangað og fór hann síðar í aðgerð á sjúkrahúsinu á Akureyri.

Greining:

Aðferðin sem notuð var við að opna pokann gerði það að verkum að skipverji þurfti að halda í enda spottans. Þar með var alltaf hætt á að eitthvað gæti farið úrskeiðis. Æskilegra hefði verið að hafa verklagið þannig að mannshöndin kæmi hvergi nærri.

Niðurstaða:

Verklagi hefur verið breytt þannig að endinn á rennilásnum er settur fastur þannig að enginn þarf að vera nálægur þegar híft er í hann.

Mikilvæg ábending:

RNSA beinir því til útgerða og skipstjórnarmanna að verklag við hífingar sé hagað þannig að mannshöndin komi sem minnst að.

5. febrúar 2024 Guðmundur Freyr Úlfarsson, Hilmar Snorrason, Pálmi Jónsson, Hjörtur Emilsson og Jón Finnbjörnsson.